Verkmenntaskólinn á Akureyri

# Rýni stjórnenda vorönn 2018

ágúst 2018
Jóhannes Árnason tók saman

# Inngangur

Gæðakerfi skólans er í stöðugri þróun og verkferlar endurskoðaðir eftir aðstæðum. Ljóst er að hægt er að einfalda verkferla enn frekar og verður lögð áhersla á það á næstu misserum. Mikil vinna hefur verið lögð í nýja námskrá fyrir allar námsbrautir skólans. Vegna þess hafa sumar tillögur um breytingar á verkferlum beðið, meðal annars vegna þess að ekki eru strax komin í ljós áhrif breytinga á námskrám á t.d. námsmat. Stærsta verkefnið á næstu mánuðum varðandi gæðakerfið sjálft er að yfirfæra það í nýjan ISO staðal ISO9001:2015. Gert er ráð fyrir að byrjað verði á að setja inn verkferli sem tekur á kröfum um mat á utanaðkomandi þáttum (áhættumat).

Kjartan Kárason frá Vottun ehf. kom og gerði úttekt á verkferlum þann 14. mars 2018. Niðurstaða úttektar hefur ekki borist þegar þessi samantekt er skrifuð og ekki heldur skýrsla um úttekt sem fór fram á haustönn 2017, þann 17. október 2017.
Dagsetning á eftirlitsheimsókn Vottunar á haustönn 2018 er ekki ljós þegar þetta er skrifað.

Á vorönn 2018 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði: Jóhannes Árnason verkefnastjóri gæðamála, Anna María Jónsdóttir aðstoðarskólameistari, Ómar Kristinsson sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta, Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri og Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari. Haldnir voru 13 gæðaráðsfundir á önninni eða tæplega einu sinni í viku.
Gæðaráð fór yfir og vann úr athugasemdum sem komu fram í framvindumati innan tímafrests sem miðað er við, yfirlit um athugasemdir og úrvinnslu er að finna í skýrslunni. Kennarar skiluðu áfangaskýrslum í lok annarinnar. Gæðaráð fór fór yfir athugasemdir sem kennarar beindu til gæðaráðs og afgreiddi þær í júní 2018. Yfirlit um athugasemdir úr áfangaskýrslum er að finna í skýrslunni.
Innri úttektir voru ekki gerðar á vorönn 2018 eins og áætlað var, þetta þarf að vinna upp á haustönn 2018. Verklag við innri úttektir þarf að endurskoða og koma því á fastara land.

Þessi skýrsla er unnin skv. VKL-101 *Stjórnun gæðamála* og er samantekt á þeim verkefnum sem falla undir verkefnastjóra gæðamála og gæðaráð þarf að fjalla um. Skýrslunni fylgja töflur yfir niðurstöður úr þeim könnunum og úttektum sem gæðakerfi skólans setur upp.

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna var ekki hægt að halda rýnifund stjórnenda við lok vorannar 2018 heldur í byrjun haustannar 2018.

SHJ

# Almennar kröfur:

ISO 9001 kafli 5.6 fer fram á eftirfarandi:

Kröfur til rýni:

- ☐ Tryggja að gæðastjórnunarkerfið henti áfram, sé fullnægjandi og virkt
- ☐ Leggja mat á tækifæri til umbóta
- ☐ Meta þörf á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu, þ.m.t. gæðastefnu og markmið

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- ☐ Umbótum á virkni gæðastjórnunarkerfisins og ferlum þess (þ.m.t. gæðastefnu og gæðamarkmið)
- ☐ Umbótum á vörunni (kennslu áfanga og námskeiða) í tengslum við kröfur hlutaðeigandi
- ☐ Mati á þörf auðlinda
- ☐ Mati á tækifærum til umbóta

Rýnisfundur var haldinn: 16.08.2018

Mætt: Sigríður Huld Jónsdóttir, Benedikt Barðason, Ómar Kristinsson, Sigurður Hlynur Sigurðsson, Jóhannes Árnason

Fundarherbergi *Skrifstofa aðstoðarskólameistara*

14.30 – 15.30 Dags.: 16.08.2018

# Niðurstöður rýnisfundar:

## 0. Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2018**. Frumrit skýrslunnar er í vörslu verkefnastjóra gæðamála, afrit á bóksafni og vefútgáfa á heimasíðu skólans.

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar, og fara inn á GÁT-069 Verkefnalisti stjórnenda skv. VKL-102 Vinnureglur gæðaráðs og fá eftirfylgni þar.

## 1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Hér er yfirlit um vinnu við aðgerðalista frá rýni vegna haustannar 2017.

- Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum verkefnastjóra gæðamála. Eftirvinnu innri úttekta frá vorönn 2017 er ekki lokið og ennfremur voru ekki gerðar innri úttektir á haustönn 2017 og ekki heldur á vorönn 2018. Nauðsynlegt er að skoða betur fyrirkomulag innri úttekta.

- Starfsmannaviðtöl hafa ekki farið fram. Á haustönn 2017 voru ekki tekin starfsmannaviðtöl, ekki heldur á vorönn 2018. Vinna verður áætlun um hvernig koma á því við að taka starfsfólk í viðtöl, í henni þarf að koma fram lausn á því að stjórnendur stofnunarinnar ráði við að sinna þessu með eðlilegum hætti.

- Vinnulagi við yfirlestur námsáætlana var haldið þannig að brugðist var strax við villum eða göllum í námsáætlunum með því að hafa samband við kennara og fag/brautarstjóra. Beðið var um að þær yrðu lagfærðar og eftir að nýjum var skilað voru nýju útgáfurnar settar inn á vef VMA. Verkefnistjóri gæðamála hefur ekki lesið námsáætlanir yfir í þeim tilgangi að grandskoða öll atriði heldur að skoða þær til að benda á algengustu villur eða galla. Helst bar á skekkjum þar sem verið var að færa eldri áfanga undir ný áfangaheiti samkvæmt nýrri námskrá.

- Fjarnám VMA hefur færst nær því að fylgja verkferlum eins og dagskólinn. Langflestum námsáætlunum er skilað inn undirrituðum af kennara og fag/brautarstjóra og þær eru birtar á vef VMA. Framvindumat var þó ekki gert eins og ætlunin var á vorönn 2018. Vinna við gerð námsmatsþátta og skil á áfangaskýrslum er með sama hætti og í dagskóla, þó vantar undirskriftir kennara í einhverjum tilvikum vegna þess að kennarar eru ekki búsettir á Akureyri. Áfangar í fjarnámi voru útskrifaðir líkt og í dagskóla með þessum fyrirvörum. Finna þarf leiðir til að það verði gert með sama hætti og í dagskóla. Hópur stjórnenda og fulltrúa kennara hefur fjallað um fyrirkomulag fjarnámsins í VMA og þar koma líka inn þau mál sem snúa að innleiðingu gæðakerfisins í fjarnáminu til fulls. Gæðaráð mun ræða það og skoða hvað þarf til að fjarnámið falli að öllu leyti undir gæðakerfi VMA.

- Ekki hefur verið gert átak að virkja fag- og brautarstjóra til að bæta skráningu á umbóta og forvarnaverkefnum eins og ætlunin var að gera.

- Verkefnastjóri námskrár stjórnaði vinnu við gerð námskráa fyrir starfsnámsbrautir og skilaði þeim inn fyrir tilskilinn frest á haustönn 2017. Á vorönn 2018 var lokið við að setja upp námsbrautir m.a. í meistaranámi iðnaðarmanna og þær sendar til samþykktar. Nemendur voru brautskráðir af nýjum námsbrautum á vorönn 2018 af eftirtöldum námsbrautum: FÉB, FJB, ÍLB , LMB, LTB, NÁB, VHB, BVV og úr rafvirkjun samningsleið RK9 sem þarf að fá nýja skammstöfun.

- ISO9001:2015. Til að innleiða ISO9001:2015 staðalinn var rætt við Kjartan Kárason frá Vottun ehf um það hvaða breytingar hann sjái nauðsynlegar. Hann lagði áherslu á að taka inn mat á áhættuþáttum eða þeim utanaðkomandi þáttum sem geta haft áhrif á starfsemina. Á önninni var unnið að því að breyta verklagi þannig að mat á þessum þáttum komi inn. Þetta var rætt á gæðaráðsfundum en í lok annarinnar er ekki búið að samþykkja breytingar í þá átt. Búið var að búa til vörpunartöflu en eftir er að endurskoða gæðakerfið að fullu miðað við nýja staðalinn.

- Ekki var gert neitt sérstakt átak í að sameina verkferla og verklagsreglur.

- Svarhlutfall í kennslukönnunum. Ekki var gert sérstakt átak til að auka svörun nemenda en með því að nota INNU hefur haldist tæplega helmings þátttaka.

- Erlent samstarf felst í nokkrum þáttum. Að taka þátt í samstarfsverkefnum í gegnum Erasmus Plus og Nordplus áætlanir, VMA tekur þátt í fjórum slíkum verkefnum. Að taka við nemum sem samstarfsskólar senda á svæðið í vinnustaðanám/starfsþjálfun, tekið er við 15 – 20 slíkum nemum á hverju skólaári. Að

senda nemendur og starfsmenn VMA í heimsóknir og vinnustaðaþjálfun í útlöndum á hverju skólaári fara 5 – 10 starfsmenn og nemendur í slíkar ferðir.

- Starfsmenn skrifstofu VMA ásamt stjórnendum VMA héldu áfram að taka þátt í umræðu og námskeiðum um innleiðingu löggjafar um persónuvernd og í tengslum við það að skoða skjalastýringarkerfi en umræður meðal skólameistara voru í þá átt að framhaldsskólarnir sameinuðust um lausnir á báðum sviðum. Skólarnir hafa fengið tilboð í skjalastýringarkerfi. Starfshópur í VMA hefur undirbúið málalykil fyrir skjöl og notað fyrirmyndir úr öðrum skólum.
- Jafnlaunavottun þarf að vinna áfram. Starfsmenn skrifstofu hafa kynnt sér þau mál . VMA þarf að skila inn og fá vottun fyrir lok ársins 2019.
- Ytra mat á starfi skólans fór fram á vorönn 2018 með tvennum hætti. Annars vegar með þátttöku í könnuninni Stofnun Ársins og hinsvegar með því að í VMA komu tveir verktakar á vegum menntamálaráðuneytisins til að skoða aðstæður, ræða við stjórnendur og aðra starfsmenn og rýna í starfsemina. Skýrslur úr þessu mati liggja að hluta til fyrir þegar þessi skýrsla er skrifuð. Ekki er búið að rýna niðurstöðurnar til að hægt sé að fjalla um þær hér. Það mun verða tekið fyrir í gæðaskýrslu á haustönn 2018.
- Lokið er við að útbúa hjólaskýli við austurinngang VMA.
- Kynningarbæklingur um nám í VMA var gefinn út og honum dreift meðal annars þegar nemendur úr 9. bekkjum grunnskóla komu í heimsókn dagana 27. og 28. febrúar 2018.
- Við lok haustannar 2017 var byrjað á að útbúa nýja skrifstofu nemendafélags VMA við Gryfjuna, því lauk á vorönn 2018 og stjórn Þórdunu flutti þangað.
- Tölvu og hugbúnaður.
  Þrír kennarar hafa gegnt hlutverki sem upplýsingatæknimentorar. Þau hafa sent ábendingar og leiðbeiningar til kennara, haldið stutt námskeið í afmörkuðum þáttum og verið til ráðgjafar fyrir einstaka kennara um að nýta margvíslegan hugbúnað við nám og kennslu.
  Stefna ehf og VMA höfðu samstarf um að innleiða Google lausnir fyrir notendur í VMA. Netföng nemenda og starfsmanna eru nú í Gmail, áfram voru haldin námskeið fyrir starfsmenn í notkun Google lausna. Nemendur geta náð sér í tölvuaðgang og búið sér til lykilorð með notkun rafrænna skilríkja.
  VMA innleiddi notkun Turnitin hugbúnaðar til að nemendur lærðu að skoða verkefnis sín með tilliti til þess hversu mikið þeir taka beint úr ýmsum heimildum á netinu.
  Kennsluvefur INNU var notaður áfram í nokkrum áföngum.
  Ekki hefur verið sett fram nein sérstök stefna VMA um notkun á ákveðnu hugbúnaðarumhverfi fyrir kennslukerfi. Moodle, Google Classroom og kennslukerfi INNU hafa öll verið í notkun. Í lok vorannar 2018 komu tilkynningar um að Ríkiskaup hafi gert rammasamning um kaup á Microsoft hugbúnaði. Eftir er að sjá hvort þetta leiði til þess að slíkt umhverfi verði innleitt almennt í VMA.
- Aðstaða og tækjakaup. Á síðustu árum hefur fjárhagur VMA ekki gefið tækifæri til að bregðast við þörf á bættri aðstöðu og tækjabúnaði til kennslunnar. Með fjárframlagi til VMA vorið 2018 var þó hægt að byrja að bregðast við óskum deildanna. Hluti af fénu verður nýtt til að endurnýja tölvubúnað.

- Fasteignir Ríkisssjóðs leggja til fé á hverju ári í viðhald húsnæðis. Unnið var að ýmsum verkefnum en meiri hluti slíkra verka eru unnin á sumrin. Lokið var við að útbúa búningsklefa fyrir starfsmenn mötuneytis VMA ( Matalystar) og kvennaklefa fyrir málmiðnadeild. Á áætlun fyrir sumarið er vinna við þakglugga á einhverjum stöðum ef efni fæst í þá. Ennfremur að skipta um rúður við austur anddyri og á fleiri stöðum þar sem móða er komin á milli glerja. Útidyr úr A, B, C og D álmu voru yfirfarnar og endurnýjaðar eins og þörf var á.
- Ekki var unnið sérstaklega í að endurskoða ýmsar stefnur um starf skólans svo sem jafnréttisstefnu, stefnu um upplýsingatækni og lýðheilsustefnu þótt megi sjá merki um þessa málaflokka í öðrum verkefnum sem minnst er á í þessu yfirliti.
- Sálfræðingur var við störf í VMA á vorönn 2018, VMA samdi við Sálfræðiþjónustu Norðurlands um slíka þjónustu. Bæði sinnti sálfræðingurinn viðtölum við nemendur en líka handleiðslu við t.d. lífsleiknikennara. Vorið 2018 var auglýst eftir og ráðinn sálfræðingur til starfa við VMA ásamt því að auglýsa eftir og ráða náms- og starfsráðgjafa til að taka við af ráðgjafa sem lætur af störfum. Við VMA starfa tveir náms- og starfsráðgjafar til viðbótar við sálfræðing.
- Samstarf VMA við MA og HA hélt áfram með ýmsum hætti. Starfsmaður HA kom og ræddi við stjórnendur VMA um nám á 4. hæfniþrepi sem er millistig milli framhaldsskóla og háskóla. Hún vinnur fyrst og fremst með nám tengt sjávarútvegsfræði HA og hvernig hægt væri að meta nám Vélstjóra og annarra með tækninám inn í nám í sjávarútvegsfræði. Haldinn var fundur / vinnudagur allra framhaldsskólanna á Norðurlandi þar sem þemað var upplýsingatækni og áfram var haldið að vinna að því að nemendur VMA og MA geti tekið valgreinar í báðum skólunum.

## 2. Niðurstöður innri úttekta

Innri úttektum fyrir vorönn 2017 er ekki lokið að fullu né eftirvinnu þeirra. Flestum úttektum var skilað í lok maí 2017 og ekki gafst tími til að vinna úr þeim. Rætt var um breytt fyrirkomulag innri úttekta þegar úttektaraðili frá Vottun hf kom þann 16. mars 2018. Þar var m.a. farið yfir hversu illa hefur gengið að manna úttektarstöður og fylgja áætlun. Ljóst er að koma þarf innri úttektum í betri horfur sem og eftirvinnu þeirra. Ekki voru gerðar innri úttektir á haustönn 2017 né á vorönn 2018.

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð verkefnastjóra gæðamála og er framkvæmd samkvæmt skv. VKL-403 Innri úttektir, kafli. 5.3.

## 3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af gæðamarkmiðum og kvörðum sem er að finna í STS-007. Til að sjá hvort skólinn hefur náð markmiðum sínum er m.a. rýnt í niðurstöður kennslu- og starfsmannakannana, tölur um brottfall, einkunnir og viðveru nemenda. Niðurstöður vorannar 2018 birtast hér fyrir neðan. Hafa verður í huga að niðurstöður fyrir gæðamarkmið VMA eru bornar saman við markmið sem eru sett fyrir eitt ár, en hér í þessari skýrslu er einungis um að ræða niðurstöður einnar annar. Um er að ræða þætti sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fyrirvara á þegar lesið er í niðurstöðurnar.

***Kennslumat***

Kennslumat er gert á hverri önn, í formi könnunar sem lögð er fyrir nemendur, þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Reglan er sú að 1/3 af áföngum skólans sé inni í hverri könnun, því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.
Á vorönn 2018 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: rafiðnabraut, náttúrufræði, matvælagreinar, íslenska og sjúkraliðagreinar. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1626 kannanir og fengust 718 svör eða rúmlega 44% svörun sem er 2% minna en á fyrri önn. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum en lítið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni. Alls var spurt um 41 kennara og 66 áfanga í 109 nemendahópum.
Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í kennslumati, þeir eru hér að neðan. Að öðru leyti er vísað í skýrslu um kennslumat á heimasíðu skólans undir
kólinn / Innra og ytra mat / Áfanga- og kennslumat.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða vor 2018 | Meðaltal síðustu þriggja anna |
|---|---|---|---|
| Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | 87% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála | 89% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |
| Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | 95% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála | 94% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |

***Starfsmannakönnun***

Stofnun ársins sem starfsmannakönnun skólans. Hún er lögð fyrir að vori til. Ekki eru komnar niðurstöður úr þeirri könnun þegar þetta er birt.

***Þjónustukönnun***

Þjónustukönnun fór ekki fram á vorönn 2018. Endurskoðuð áætlun um innra og ytra mat var birt á haustönn 2017. Þjónustukönnun er áætluð haustönn 2018.

## 4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Eftirtalin skjöl í gæðahandbók voru endurskoðuð og samþykkt á vorönn 2018

| Dags | Númer | Skjalaheiti |
|---|---|---|
| 17.01.18 | GÁT-075 | Umsókn um undanþágu frá þátttöku í verklegum íþróttatímum. |
| 21.02.18 | GÁT-074 | Endurinnritun |
| 13.03.18 | INN-001 | Innihald gæðahandbókar |
| 11.04.18 | LSM-001 | Leiðbeiningar til kennara á próftíma |
| 11.04.18 | LSM-005 | Prófareglur |

| | | |
|---|---|---|
| 13.04.18 | STL-003 | Starfslýsing áfangastjóra |
| 13.04.18 | STL-006 | Starfslýsing sviðsstjóra verk- og fjarnáms |
| 13.04.18 | STL-007 | Starfslýsing sviðsstjóra stúdentsprófsbrauta og sjúkraliðanáms |
| 13.04.18 | STL-008 | Starfslýsing sviðsstjóra starfsbrautar og brautabrúar |

Að auki voru eftirfarandi skjöl lögð niður:
STL-042 Starfslýsing verkefnastjóra gæðamála

## 4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Eftir hverja önn taka áfangastjórar saman upplýsingar um námsárangur nemenda, brottfall og mætingar. Í gæðamarkmiðum skólans eru mælikvarðar fyrir fjóra þætti er varða námsgengi nemenda.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða vorönn 2018 |
|---|---|---|
| Meðaleinkunn (allir áfangar) | 6,5 | 7,03 |
| Fallprósenta | 10% | 10,2% |
| Mætingar % | 90% | 80,1% |
| Brottfall % | 9,00% | 9,8% |

Nemendaígildi á vorönn 2018 voru 804 í dagskóla og 53 ígildi í fjarnámi, alls 857.
Nemendaígildi voru alls 936 á vorönn 2017 (867 í dagskóla og 69 í fjarnámi) og alls 895 á haustönn 2017 (842 og 53 í fjarnámi).

***Áfangaskýrslur vegna vorannar 2018***

Fag- og brautarstjórar skiluðu áfangaskýrslum á sýnidegi námsmats þann 24.05.2018. Alls voru gerðar 40 ábendingaskýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 443, þann 8. júní 2018 og þann 15.06.2018 var þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Skýrslurnar voru sendar í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála fylgja á GÁT-018 með þessari skýrslu.

***Framvindumat vorannar 2018***

Fag- og brautarstjórar skiluðu framvindumati um miðja vorönn. Alls voru gerðar 23 ábendingaskýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 436, þann 07.03.2018 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála fylgja á GÁT-018 með þessari skýrslu.

***Frábrigði við námsáætlanir vorannar 2018***

Við yfirferð námsáætlana í upphafi vorannar var mest horft til eftirfarandi þátta:

- námsmatsreglum fylgt.
- rétt útgáfa af gátlista og allar umbeðnar upplýsingar skv. gátlista

Verkefnastjóri gæðamála fór ekki þá leið að gera frábrigðaskýrslur heldur fór fram á leiðréttingar og skipti upphaflegu skjölunum út jafnóðum og leiðrétt skjöl bárust. Skil námsáætlana voru góð en ennþá eru námskrárbreytingar að valda ýmsum truflunum og smávillum svo sem að áfangaheiti eru ekki nákvæmlega rétt og reynt var að leiðrétta allt slíkt. Ekki er hægt að tilgreina fjölda athugasemda við

námsáætlanir á vorönn 2018. Alls var 309 námsáætlunum skilað til áfangastjóra og þær birtar á vef skólans, 76 í fjarnámi og 233 í dagskóla. Ekki var farið fram á að skila námsáætlunum til birtingar á starfsbraut 3 þar sem um er að ræða algerlega einstaklingsbundið nám sem gefur mikla hugmynd um stöðu þeirra sem stunda námið.

***Ábendingar og kvartanir***

Alls bárust 10 ábendingar og/eða kvartanir án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Búið er að ljúka þeim öllum, sumum með því að vísa þeim inn í vinnu við t.d. endurskoðun námsmatsreglna sem ekki er lokið.

### 4.2 Útskrift áfanga

Við útskrift áfanga er farið eftir VKL-106 og stuðst við GÁT-022. Alls eru fimm þættir sem notaðir eru til að útskrifa áfanga. Þeir eru: námsáætlun, framvindumat, kennslumat, próf og áfangaskýrslur. Alls voru útskrifaðir 236 áfangar á vorönn 2018. Skil á gögnum voru nokkuð góð þó þurfti að bíða með að ganga frá útskrift áfanga þar til í júní 2018.

## 5. Staða forvarna og úrbóta

### 5.1 Forvarnir

- Skólinn er þátttakandi í verkefni ásamt Jafnréttisstofu þar sem markmiðið er að fjölga stúlkum í iðn- og tækninámi og strákum í háriðn og sjúkraliðanámi – *Rjúfum hefðirnar, förum nýjar leiðir.* #MeToo umræðan hafði áhrif í VMA eins og annarsstaðar í samfélaginu.
- Á starfsþróunardögum 28. og 29. maí 2018 var annarsvegar unnið með upplýsingatækni þar sem þrír starfsmenn VMA leiddu umræðu um ýmsa hluti á þeim vettvangi og hinsvegar var umræða um kennsluaðferðir. Slík umfjöllun miðar að því að kennarar og stjórnendur festist ekki í ákveðnum aðferðum og viðmiðum um kennslu og skólastarf heldur hugsi um hvað það er sem við viljum að nemendur læri og taki með sér úr skólanum.
- Námsver fyrir nemendur á Brautabrú var starfrækt í skólanum á báðar annir skólaárið 2017-2018. Tilgangur verkefnisins er að styðja við nemendur í brottfallshættu, aðstoða við nám og bæta líðan nemenda. Markmiðið er að draga úr brottfalli á 1. ári. Erfitt er að meta árangurinn af þessu starfi þegar svo stuttur tími er liðinn.
- Verkmenntaskólinn á Akureyri tekur þátt í fjölmörgum lýðheilsuverkefnum með ágætis árangri og þátttöku nemenda og starfsmanna, ásamt því að skipuleggja vorhlaup VMA. Lýðheilsuverkefnin eru bæði á haustönn og vorönn, helst ber að nefna:
    - Heilsueflandi framhaldsskóli
    - Hjólað í vinnuna
    - Hjólum í skólann
    - Vorhlaup VMA 13. apríl 2018
    - Haukurinn er óformlegt félag starfsmanna sem hvetur til þess að fólk nýti sér íþróttaaðstöðuna í VMA sér til heilsubótar.

## 5.2 Úrbætur

Unnið var að lokafrágangi hjólaskýlis sumarið 2018.
Framkvæmdir hófust vorið 2018 við að lagfæra og endurgera útidyrahurðir á A, B, C og D álmum.
Tölvur voru endurnýjaðar í stofum B-02 og B-03.
100 stólar í kennslustofur voru keyptir.
Nýtt sýningartjald í M-01 var sett upp.
Ný borð sett upp í borðstofu matvælabrautar.
Stofu M-03 var breytt.
M-09 (fyrrverandi skrifstofu nemendafélags) breytt í kennslurými fyrir starfsbraut.
D-09 var breytt fyrir kennslu á starfsbraut og nýtt hljóðkerfi fyrir heyrnarskerta sett upp bæði í D-09 og D-13.

# 6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Enn er unnið að því að aðlaga gæðakerfið að nýjum námskrám og hefur megin áhersla verið á iðnnám og að aðlagast nýjum námskrám á vorönn 2018. Öllum námskrám var skilað inn til Menntamálastofnunar til yfirferðar.

Ljóst er að nokkur vinna er framundan við að aðlaga gæðakerfið að nýrri útgáfu af ISO staðlinum. Ekki hafa verið samþykktar nýjar útgáfur af gæðaskjölum til að taka inn breytingar vegna nýja staðalsins en búið er að undirbúa sumt af því. Það verður gert á haustönn 2018.

Áfram verður unnið að því að létta gæðakerfið og breyta verklagi til að gera það skilvirkara. Innleiðing fjarnáms undir gæðakerfi hélt áfram með þeim hætti að krafist var námsáætlana og að kennarar skiluðu áfangaskýrslum. Vinnuhópur stjórnenda og kennara ræddi um fyrirkomulag og framtíð fjarnámsins.

Nokkuð fé kom til skólans vorið 2018 og hægt verður að byrja á því að uppfæra búnað í sumum deildum. Það verður gert sumarið 2018. Vinna þarf markvisst að auka flokkun á sorpi frá skólanum.

Samstarf framhaldsskóla á Norðurlandi eystra heldur áfram ásamt samtali VMA við grunnskóla á Akureyri. Á vorönn 2018 var haldinn fundur allra starfsmanna framhaldsskólanna á Norðurlandi. Sá fundur fór fram föstudaginn 20. apríl 2018. Þar var dagskrá um upplýsingatækni í skólastarfi.

Stjórnendur MA og VMA hittust meðal annars um samstarf um valfáfanga. Um 40 nemendur MA völdu áfanga í VMA fyrir haustönn 2018 en engir nemar VMA áfanga í MA fyrir haustönn 2018.

# 7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Gæðamarkmiðin voru endurskoðuð í nóvember 2016. Ákveðið var að leitast við að 85% nemenda væru „ánægðir með kennsluna í áfanganum“ en ekki 75%. Ákveðið var að nota könnunina Stofnun ársins til að mæla ánægju starfsfólks. Sú könnun er lögð fyrir í febrúar/mars ár hvert. Gæðamarkmiðin voru aðlöguð og verður leitast við að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða vor 2018 |
|---|---|---|

| | | |
|---|---|---|
| Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum. | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | **87%** svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |
| Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfangnum eru viðunandi | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | **95%** svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |
| Ég er ánægð(ur) með núverandi vinnuaðstöðu mína. | Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert | Slík könnun fór fram á vorönn 2018 en niðurstöður lágu ekki fyrir þegar þetta er ritað. |
| Þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu. | Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert | Slík könnun fór fram á vorönn 2018 en niðurstöður lágu ekki fyrir þegar þetta er ritað. |
| Í skólanum líður mér vel | 90% svara alltaf eða oftast | Þjónustukönnun ekki lögð fyrir á vorönn 2018 |
| Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf. | 90% nem svara mjög sammála eða frekar sammála. | Þjónustukönnun ekki lögð fyrir á vorönn 2018 |
| Meðaleinkunn (allir áfangar) | 6,5 | **7,03** |
| Fallprósenta | 10% | **10,2%** |
| Mætingar % | 90% | **80,1%** |
| Brottfall % | 9.00% | **9,8%** |
| Vottun og innri úttektir sem sýna að námið sé í samræmi við þessar kröfur. | Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli | Framlenging á vottun um 2 ár. Veitt 15. mars 2016 til október 2018. |

Einungis voru sex af ellefu þáttum mældir á vorönn 2018. Niðurstöður sýna að þrír af sex þáttum koma betur út heldur en lagt er upp með í gæðamarkmiðum skólans. Að auki heldur skólinn vottun samkvæmt ISO 9001 staðli.

## 8. Tillögur um umbætur

- Unnið verður með niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins og unnin úrbótaáætlun fyrir skólann. Einnig verða niðurstöður úr ytra mati nýttar til úrbóta.
- Auka svarhlutfall í kennslukönnunum.
- Stýrihópur stjórnenda og kennara vinnur áfram að skilgreiningu á námi og kennslu í fjarnámi sem skólinn býður.
- Halda þarf áfram vinnu við innleiðingu nýrra persónuverndarlaga.
- Innleiða þarf jafnlaunavottun.

- Erlent samstarf – skólinn tekur þátt í nokkrum erlendum samstarfsverkefnum m.a. starfsþjálfun nemenda, þar sem VMA nemendur fara í starfsþjálfun erlendis og erlendir nemendur koma til Akureyrar. Nánari upplýsingar um verkefnin er að finna á heimasíðu skólans. Stærstu verkefnin sem eru í gangi nú eru:
  - **Appmentor** (Erasmus Plus) fjallar um notkun á samfélagsmiðlum og öðru slíku þegar verið er að fylgjast með og styðja nemendur á meðan þeir eru í vinnustaðanámi. Appmentor verkefninu er stýrt af Axxell skólanum í Finnlandi.
  - **InnoVET** (Erasmus Plus) fjallar um það hvernig og hvort starfsþjálfunarkerfi eru tekin með í umræðu um byggðaþróun og þróun dreifbýlla svæða. Verkefninu er stýrt af MFR í Frakklandi.
  - **Win Win** (Erasmus Plus) fjallar um íþróttir og tengsl við samfélagið.
  - Nordplus verkefni um norrænar nútíma- og glæpasagnabókmenntir: **Tungumála- og lestrarverkefni** - 2015-2018

## 9. Tillögur um auðlindir

- Áfram þarf að yfirfara og stilla loftræsikerfi og hitastýringar til að skapa sem þægilegast umhverfi í húsinu og einstökum álmum, vinna áfram með Fasteignum Ríkisins að því að halda húsinu við.
- Áfram þarf að endurnýja tölvur í skólanum, átak verður gert í því sumarið 2018.
- Skoða þarf heildarlausnir varðandi kennslukerfi sem notuð eru. Þar á meðal að móta skýra stefnu og setja fram í skilaboðum til kennara og nemenda. VMA hefur sett fram þá kröfu að nemendur hafi fartölvu til að nota í skólanum.
- Skoða þarf kröfur til sérhæfðs hugbúnaðar fyrir ákveðnar brautir og námsáfanga og hvaða takmörk hugbúnaðurinn gerir varðandi afkastagetu og stýrikerfi í tölvum nemenda. Einnig hvaða hópar þurfa tölvustofur ef ekki eru aðrar leiðir færar.
- Áfram þarf að vinna að því að innleiða skjalastýringarkerfi fyrir skólann.
- Einfalda þarf verkferla og sameina verklagsreglur eftir ástæðum. Skoða fleiri leiðir til að einfalda gæðakerfið, skrifa vinnulýsingar og leiðbeiningar samhliða endurskoðun á verklagsreglum.
- Starfslýsingar og stjórnskipulag skólans þarf að endurskoða.
- Endurskoða þarf: Jafnréttisstefnu, stefnu um upplýsingatækni og lýðheilsustefnu.
- Áfram þarf að vinna að samstarfi VMA og MA um nám sem hægt er að samkenna fyrir báða skólana og bjóða þannig fjölbreyttara nám í þeim. Best væri að hægt sé að samræma tímasetningar og stokkatöflu stundaskrár í skólunum.
- Fulltrúar VMA, MA og HA halda áfram að hittast og ræða um samstarf skólanna, meðal annars hvað varðar mat á námi til náms á diplómastigi, t.d. nám vélstjóra inn í sjávarútvegsfræði. HA hefur skipað verkefnisstjóra um það.

## 10. Aðgerðalisti

Skv. verklaginu sem lýst er í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, eru aðgerðir á aðgerðalista færðar yfir á GÁT-069 Verkefnalista stjórnenda. Aðgerðalistinn verður einnig viðfangsefni næstu rýni (sbr. atriði 6 hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2018.**

| AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VOR 2018 | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Atriði** | **Ábyrgð** | **Tími** |
| **2** | **Innri úttektir** | | |
| | Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum gæðastjóra. Eftirvinnu innri úttekta frá vorönn 2017 er ekki lokið, eftir er að gera allar úttektir á skólaárinu 2017 – 2018.<br>Gæðaráð samþykkir að vinna að áætlun um það hvernig á að vinna að innri úttektum, hverjir geri þær, gera samninga/samkomulag við hlutaðeigandi og halda nauðsynlega fundi og eða námskeið með úttektarmönnum. | BEN/AMJ | H18 |
| **3** | **Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum** | | |
| | Starfsmannaviðtöl hafa ekki farið fram. Vinna verður áætlun um hvernig koma á því við að taka starfsfólk í viðtöl. | SHJ/BEN | H18 |
| **4** | **Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða** | | |
| | Ljúka þarf við að innleiða gæðakerfi í fjarnámi skólans. | Gæðaráð/ BAR stýrihópur um fjarnám. | H18 |
| **5** | **Staða forvarna og úrbóta** | | |
| | Efla og breyta þarf skráningu á forvörnum og umbótum sem aðrir innan skólans en gæðaráð taka þátt í eða byrja með. Spurning um að kynna þetta á fundi með fag- og brautarstjórum. | Gæðaráð | V18-H18 |
| **6** | **Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda** | | |
| | Aðgerðalisti yfirfarinn í næstu rýni á haustönn 2018 (janúar ´19) | Gæðaráð | H18 |
| **7** | **Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)** | | |
| | Eftir að nýjar námskrár hafa verið samþykktar tekur við að fínpússa og lagfæra námskrár í samræmi við reynsluna af fyrstu keyrslu nýrrar námskrár. | AMJ/BAR | H18 - V19 |
| | Innleiðing á nýrri útgáfu af ISO staðlinum mun hafa áhrif á gæðakerfið.<br>Ljúka þarf við að samþykkja breytingar ti lað taka inn áhættumat þ.e. að fylgjast með þeim þáttum utan skólans sem geta haft áhrif á starfið. | Gæðaráð | H18 |
| **8** | **Tillögur um umbætur** | | |
| | Vinna úrbótaáætlun með hliðsjón af ytra mati og könnuninni Stofnun ársins. | SHJ | |

| AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VOR 2018 | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Atriði** | **Ábyrgð** | **Tími** |
| | Auka svarhlutfall í kennslukönnunum. | AMJ | H18 |
| | Vinna þarf að innleiðingu nýrra persónuverndarlaga. | SHJ / HJD | |
| | Innleiða þarf jafnlaunavottun. | SHJ / HHA | |
| | Ræða þarf hvaða leiðir á að fara varðandi kennslukerfi. Nota kennslukerfi INNU, Moodle eða Google umhverfið. | Stjórnendur | V18 |
| | Erlent samstarf heldur áfram. | HIL / JÁR | ótímab |
| | Komið verður á laggirnar kerfi til að flokka úrgang. | SHJ | H18 |
| **9** | **Tillögur um auðlindir** | | |
| | Skoða þarf að yfirfara og stilla loftræsikerfi og hitastýringar til að skapa sem þægilegast umhverfi í húsinu og einstökum álmum. | HFB / SHJ | |
| | Áfram þarf að endurnýja tölvur í skólanum. Er á dagskrá sumarið 2018 | SHJ / Stefna | |
| | Skoða þarf heildarlausnir varðandi tölvuaðgang nemenda í skólanum. Þar á meðal að móta skýra stefnu og setja fram í skilaboðum til nemenda. VMA hefur sett fram þá kröfu að nemendur hafi fartölvu til að nota í skólanum. Skoða þarf kröfur til sérhæfðs hugbúnaðar fyrir ákveðnar brautir og námsáfanga og hvaða takmörk hugbúnaðurinn gerir varðandi afkastagetu og stýrikerfi í tölvum nemenda. Einnig hvaða hópar þurfa tölvustofur ef ekki eru aðrar leiðir færar. | SHJ / Stefna | V18 |
| | Endurskoða þarf: Jafnréttisstefnu, stefnu um upplýsingatækni og lýðheilsustefnu. | SHJ | |
| | Vinna þarf að samstarfi VMA og MA um nám sem hægt er að samkenna fyrir báða skólana og bjóða þannig fjölbreyttara nám í þeim. Fulltrúar VMA, MA og HA halda áfram að hittast og ræða um samstarf skólanna. | SHS/ÓKR | |
| | Starfslýsingar og stjórnskipulag skólans þarf að endurskoða. | SHJ | |
| | Skoða þarf skjalastýringarkerfi fyrir skólann. | Gæðaráð/ skrifstofa VMA | V18 - H18 |
| | Einfalda þarf verkferla og sameina verklagsreglur eftir ástæðum. Skoða fleiri leiðir til að einfalda gæðakerfið, skrifa vinnulýsingar og leiðbeiningar samhliða endurskoðun á verklagsreglum. | Gæðaráð | V17-H18 |

# Gæðamarkmið
# Mælikvarðar



Gæðamarkmið fléttast beint inn í rekstrar- og viðskiptamarkmið Verkmenntaskólans á Akureyri enda er litið á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum og kvörðum til að mæla þau:

| Gæðamarkmið | Mælikvarðar | Staða | Hvenær mælt | Markmið |
|---|---|---|---|---|
| Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu bæði bóklegu og verklegu. | **Meðaleinkunn (allir áfangar)** | 6,82 | V og H 2017 | 6,50 |
| | | 6,87 | V og H 2016 | |
| | | 6,81 | V og H 2015 | |
| | | 6,79 | V og H 2014 | |
| | | 6,79 | V og H 2013 | |
| | | 6,8 | V og H 2012 | |
| | | 6,85 | V og H 2011 | |
| | | 6,8 | V og H 2010 | |
| | | 6,71 | V og H 2009 | |
| | | 6,70 | V og H 2008 | |
| | | 6,45 | V og H 2007 | |
| | | 6,54 | V og H 2006 | |
| | | 5,85 | V og H 2005 | |
| | **Fallprósenta** | | | |
| | | 11,75% | V og H 2017 | 10% |
| | | 9,56% | V og H 2016 | |
| | | 10,82% | V og H 2015 | |
| | | 10,30% | V og H 2014 | |
| | | 10,5% | V og H 2013 | |
| | | 10,5% | V og H 2012 | |
| | | 9,95% | V og H 2011 | |
| | | 10,05% | V og H 2010 | |
| | | 10,97% | V og H 2009 | |
| | | 10,35% | V og H 2008 | |
| | | 11,8% | V og H 2006 | |
| | | 13,3% | V og H 2005 | |
| Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi. | **Mætingar %** | 81,85% | V og H 2017 | 90% |
| | | 85,1% | V og H 2016 | |

**Gæðamarkmið**
**Mælikvarðar**



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 85,82%<br>86,3%<br>86,7%<br>87,2%<br>88,4%<br>89,35%<br>88,55%<br>90,05%<br>85,6%<br>87,6% | V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012<br>V og H 2011<br>V og H 2010<br>V og H 2009<br>V og H 2008<br>V og H 2006<br>V og H 2005 | |
| | **Brottfall %** | 10,6%<br>9,97%<br>9.48%<br>11.75%<br>10,0%<br>10,5%<br>10,0%<br>8,7 %<br>10,32%<br>9,8%<br>11,1%<br>9,9% | V og H 2017<br>V og H 2016<br>V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012<br>V og H 2011<br>V og H 2010<br>V og H 2009<br>V og H2008<br>V og H 2006<br>V og H 2005 | 9,00% |
| Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt. | **Kennslukönnun:** Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum. | 91,0%<br>88,25%<br>87.6%<br>87.7%<br>89.4%<br>84%<br>88,14%<br>84,5%<br>82,68%<br>76,1% | V og H 2017<br>V og H 2016<br>V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012<br>V og H 2011<br>V og H 2010<br>V og H 2009<br>V og H 2008 | 85% svari *frekar sammála eða mjög sammála.* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 79,5%<br>74,5% | V og H 2007<br>V og H 2006 | |
| | Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi | 94,0%<br>90,4%<br>92.1%<br>85.19%<br>84,9%<br>89,7%<br>85,56%<br>87,5%<br>87,44% | V og H 2017<br>V og H 2016<br>V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012<br>V og H 2011<br>V og H 2010<br>H 2009 | *85% svari frekar sammála og mjög sammála.* |
| | **Þjónustukönnun:**<br>Í skólanum líður mér vel | 82,7%<br>87.3%<br>84,91%<br>83%<br>76% | V 2016<br>H 2013<br>V 2011<br>V 2009<br>V 2006 | 90% svara næstum *alltaf* eða *oftast* |
| | Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf. | 87,1%<br>76.4%<br>84,72%<br>83% | V 2016<br>H 2013<br>V 2011<br>V 2009 | 90% nem svara mjög *sammála eða frekar sammála.* |
| Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VMA. Aðskapa starfseminni eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði. | **Starfsmanna könnun:**<br>Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum.* | 62,6%<br>83,6%<br>75.9%<br>68%<br>69%<br>64,29% | V 2017<br>V 2016<br>H 2015<br>H 2012<br>H 2010<br>H 2008 | Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.* | 83,4%<br>82,4%<br>91.7%<br>95.7%<br>99%<br>92,75% | V 2017<br>V 2016<br>H 2015<br>H 2012<br>H 2010<br>H 2008 | ársins ár hvert |
| Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli | Vottun og innri úttektir sem sýna að námið sé í samræmi við þessar kröfur. | | **01/10/18** | Skólinn haldi vottun samkvæmt ISO-9001 staðli. |

**Aðferðir til að mæla gæði starfseminnar**

**Meðaleinkunn:** Meðaltal allra einkunna í skólanum. Vegið meðaltal haust- og vorannar.

**Fall**: Hlutfall falleinkunna á haust- og vorönn. Vegið hlutfall. Tekið er tillit til eininga. Hægferðaráfangar reiknast sem þrjár einingar.

**Brottfall:** Hlutfall brottfalls á haust- og vorönn, þ.e. áfangar sem skráðir eru með H á önninni og áfangar þar sem nemendur fá einkunnina 0 (mættu ekki í próf). Brottfall er reiknað sem fjöldi eininga af þessu tagi deilt með heildarfjölda eininga. Hægferðaráfangar reiknast sem þrjár einingar.

**Viðvera.** Meðaltal fjarvistarhlutfalls allra nemenda í dagskóla.

**Ánægja með kennslu og kennara**
Svar við spurningu úr kennslukönnun.
*Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.*
(Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem velja svarmöguleikana "frekar sammála" og "mjög sammála".)

*Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum viðunandi.*
(Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem svarar "fekar sammála eða mjög sammála").

**Viðhorf og líðan nemenda**
Svör nemenda við spurningum um líðan í skólanum og ánægju með skólann og þjónustu hans í nemendakönnun. Eftirfarandi spurningar eru lagðar til grundvallar.

*Í skólanum líður mér vel.*
